

lífið

EFFIR VINNU



Louise Jonasson á Kjarvalsstöðum

Kanadíski listmálarinn Louise Jonasson opnar sýningu í miðrými Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum í dag kl. 17.00 sem ber yfirskriftina *Minningar um eyða Island Souvenir*. Tílfni sýningarinnar má rekja til heimsóknar forsætisráðherra Manítóba, Gary Doer, til Íslands en að hans ósk sýnir Louise verk sín hér á landi sem fulltrúi þeirra Íslendinga sem flutt hafa vestur um haf. Myndir Louise eru sterk sjálfstæð listaverk og fer hún ótroðnar slóðir við gerð verka sinna. Louise kemur í fyrsta skipti til Íslands í tílfni sýningarinnar en í sýningararkrá, sem gefin er út af þessu tílfni, segir Svavar Gestsson, fyrrum aðalræðismaður Íslendinga í Kanada, að það stappi nærri yfirnáttúrlægum tímum hve margt í myndverki Louise sé íslenskt og á þá við það litaval og þá náttúrusýn sem listmálarinn endurspeglar í verkum sínum þótt hún hafi aldrei stigið fæti á íslenska grund.

Opnanir

JAKOB SMÁRI ERLINGSSON OPNAR SÝNINGU Í EDEN Í dag verður opnuð í Edni í Hveragerði myndlistarsýning á verkum **Jakobs Smára Erlingssonar**. Um er að ræða 40 akrýl- og vatnslitamyndir sem Jakob hefur málað á síðustu þremur árum. Flestar myndirnar eru af fuglum en einnig eru landslagsmyndir á sýningunni. Þetta er tíunda einkasýning Jakobs Smára sem búsettur er í Vestmannaeyjum og fyrsta sýningin uppi á landi. Sýningin er opin á sama tíma og Eden og stendur yfir til 10. september næstkomandi.

Myndlist

GUÐNI HARÐARSON Í GALLERÍ FOLD Um helgina opnaði Guðni Harðarson málverkasýningu í baksalnum í Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14-16. Sýninguna nefnir listamaðurinn **Ihugun** en á henni eru um 20 verk, unnin með akrýllitum á striga. Opnið er daglega frá 10-18, laugardaga frá 10-17 og sunnudaga frá 14-17 en sýningin stendur til 9. september.

BJÖRG ÖRVAR Í ÁLAFOSSKVOS Listakonan Björg Örvar sýnir ný málverk í sýningarsal **Álafossvéslunarinnar** í Álafosskvos í Mosfellsbæ. Sýningin er opin 9 til 18 virka daga og 9 til 16 laugardaga til 27. október.

NÆRVERA LISTAR Í NORRÆNA HÚSINU Nærvera listar er heiti á sýningu í Norræna húsinu sem opnuð var um síðustu helgi. Er þarna um ræða menningarhátíð Eyrstalslandanna á Norðurlöndum og sýna Eistar bókbönd, Lettar textíl og Litháar raf.

KRISTINN MÁR INGVARSSON SÝNIR Á MOKKA Sunnudaginn 12. ágúst var opnuð sýning á verkum **Kristins Márs Ingvarssonar** ljósmyndara á **Mokka-kaffi** við Skólavörðustíg. Þar sýnir hann 8 nýjar ljósmyndir sem flestar eru unnar á þessu ári. Sýningin ber titilinn **Sending** og er þetta þriðja einkasýning Kristins. Sýning Kristins er opin á afgreiðslutíma Mokka milli klukkan 9.30 og 23.30 alla daga vikunnar en henni lýkur 4. september.

Sjá nánar: Lífið eftir vinnu á Vísi.is

Nágrannar undirrita vinabæjarsáttmála á fiskroð:

Reykjanesbær og Varnarliðið verða vinir

DV, SÚÐURNESJUM:

Undirritaður hefur verið vinabæjarsáttmáli á milli Reykjanesbæjar og Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og verður það að teljast merkisviðburður þar sem þetta er einsdæmi í heiminum, að því best er vitað. Undir síðustu helgi var undirrituð yfirlýsing um að treysta sameiginleg vináttubönd og að vinna að sameiginlegum hagsmunum Reykjanesbæjar og bandarísku flotaflugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Það voru þeir Ellert Eiríksson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, og Sir Mark Anthony, kaftinn yfir flotastöðinni, sem undirrituðu sáttmálann á fiskroð. Ellert rifjaði upp í ræðu sinni að sér væri í barnsminni

vinsamleg samskipti amerískra hermanna við börnin á jólum 1944 og að þá hefði verið lagður fyrsti steinninn í þann vináttugrunn sem nú væri verið að treysta.


Ellert sagði að yfirmannskipti í varnarliðinu væru tíð og því væri nauðsynlegt fyrir nýja menn að ganga að slíku samkomulagi vísu í stað þess að um munnlegt samkomulag væri að ræða. Sir Anthony hefur verið kaftinn í tvö ár og þakkaði hann Ellerti mjög fyrir einlægann vilja til að ganga frá þessu samkomulagi og nefndi að strax yrði hafist handa við að efla öll samskipti á sviði menningar og íþróttar – þrátt fyrir frábær samskipti við bæjarbúa gætu samskiptin batnað enn. -PGK



Vinir

Fulltrúar Reykjanesbæjar og Varnarsvæðisins á fundi þar sem vináttubönd voru hnýtt.

DV-MYND ÞORSTEINN G. KRISTJÁNSSON.



Snemma beygist krókurinn

Þessi litli gutti átti ekki í erfiðleikum með að lyfta árinni þó að hún væri talsvert stærri en hann.

DV-MYNDIR EINAR J.



Horft út á sundin

Vinir og fjölskyldur sæfaranna mættu í fjöruna til að hvetja sína menn til dáða.



Til reiðu fyrir gesti

Við Hafnarbraut 54 í Neskaupstað, efri hæð, er íbúð sem brottfluttur Norðfirðingur geta nýtt sér þegar þeir koma í heimahagana.

DV-MYNDIR ELMA GUDMUNDSDÓTTIR


Norðfirðingafélagið í Reykjavík fær milljónagjöf:

Gáfu æskuheimilið

DV, NORÐFIRÐI:

Þeir Stefán, Tryggvi Þór og Víðir Herbertssynir færðu í sumar Norðfirðingafélaginu í Reykjavík íbúð í Neskaupstað að gjöf. Íbúðin er efri hæð í húsi því sem var æskuheimili þeirra bræðra en faðir þeirra, Herbert A. Jónsson, lést á síðasta ári. Þeir bræður eiga hús í Mjóafirði, þangað sem þeir eiga ættir að rekja, og áskilja sér aðeins eina viku á ári í íbúðinni í Neskaupstað.

Margir lögðust á eitt við að lagfæra íbúðina. Teppi voru fjarlægð og gólf lögð parketi og gjafir búrúst, svo sem gluggatjöld, sófasett, þvottavél og sjónvarp, svo eitthvað sé nefnt. Það er von gefanda og stjórnar Norðfirðingafélagsins að þessi frábæra aðstaða verði til þess að Norðfirðingar búsettir syðra fari oftari í heimsókn á æsku-



Ofninn er listaverk

Íbúðin er vistleg en þessi miðstöðvarofn vakti athygli okkar. Listmálarí prýddi ofninn.

stöðvarnar. Íbúðin er að Hafnarbraut 54 og er þaðan frábært útsýni yfir Norðfjörð. Í henni eru 3 svefnherbergi, sem í eru sex rúm, stór stofa og eldhús og að sjálfsögðu baðherbergi.

-Eg



Kveðjukossinn

Keppandi lítur um öxl meðan eiginkona kveður manninn sinn áður en hann heldur á haf út.

Kajakmaraþon í miklum mótvindi

Kajakmaraþon Kajakklúbbsins fór fram á laugardaginn og var það í þriðja skiptið sem slíkt maraþon er haldið. Róðið er frá Geldinganesi upp í Hvammsvík eða alls um 41 kílómetra leið. Mikil aukning hefur átt sér stað í kajaksportinu að undanförunu og kom því ekki á óvart að fleiri þátttakendur voru skráðir til leiks nú en nokkru sinni fyrr. Alls hóf tuttugu og einn þátttakandi keppni en að vísu skiluðu sér aðeins tíu á leiðarenda. Aldrei áður hafa jafn mikil afföll verið í kajakmaraþoninu og kenna menn helst miklum mótvindi um. Sigurvegari í ár var Sveinbjörn Kristjánsson en hann var um fimm og hálfan tíma á leiðinni sem er um klukkutíma lakari árangur en náðist í fyrra þegar fyrsti maður í mark kom á fjórum tímum og þrjátíu og tveimur mínútum.



Klárir í bátana

Tuttugu og einn þátttakandi lagði í hann á laugardaginn en aðeins tíu skiluðu sér í mark.